**Nd.** **488. Nefndarálit** [133. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 frá 1941 um fjarskipti.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Frv. er þess efnis að veita ráðherra heimild til að undanþiggja elli- og örorkulífsþega, sem hljóta uppbót á lífeyri skv. 19. gr. l. um almannatryggingar frá 1971, afnotagjald fyrir síma.

Nefndarmenn eru sammála um að eðlilegt sé, að ráðherra hafi slíka heimild, og að æskilegt sé, að allir örorku- og ellilífeyrisþegar eigi þess kost að hafa síma og þurfi ekki að neita sér um hann af fjárhagsástæðum. Nefndin mælir því með samþykkt frv.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Ragnhildur Helgadóttir og Jóhann Hafstein.

Alþingi, 21. apríl 1975.

Jón Skaftason, form., frsm. — Guðm. G. Þórarinsson, fundaskr. — Magnús Kjartansson.

Guðmundur H. Garðarsson. — Karvel Pálmason.